

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju, sunnudaginn 21. júlí, verða í höndum sönkonunnar góðu, Kristjönu Arngrímsdóttur en hún mun flytja fjölbreytta söngdagskrá ásamt meðleikurum sínum. Kristjana Arngrímsdóttir er fædd á Dalvík og nam tónlist á Íslandi og í Danmörku. Hún var í 14 ár félagi í Tjarnarkvartettinum sem var þekktur víða um Evrópu fyrir flutning á norrænum söng- og þjóðlögum og hefur hún að auki gefið út nokkra einsöngs geisladiska sem hafa notið mikillar hylli fyrir sönggleði og vandaðan flutning.

